



Reykjavík 6. nóvember 2019

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
bt. Helgi Grímsson**

Í bréfi dagsettu 22. október 2019 var óskað eftir umsögn skólaráðs Vættaskóla um tillögu um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi.

Aukaskólaráðsfundur haldinn í Vættaskóla 6. nóvember 2019

Mættir: Þuríður skólastjóri, Gunnar Bessi og María Védís fulltrúar kennara, Sandra Ýr fulltrúi starfsmanna, Kristbjörg og Halla fulltrúar foreldra, Svanhildur María fulltrúi grenndarsamfélags, Embla María fulltrúi nemenda 9. bekkjar og Hinrik og Emilía fulltrúar nemenda í 7. bekk. Vala Nönn ritaði fundargerð


Skólaráð Vættaskóla samþykkir tillöguna og kemur með eftirfarandi ábendingar:

- Skólaráð Vættaskóla vill að tryggt sé að innleiðingarhópar starfi í a.m.k. þrjú ár, til ársins 2023 og það fari fram markvisst mat tvisvar á ári og að því sé fylgt eftir með umbótaáætlunum.
- Skólaráð Vættaskóla leggur áherslu á að samgöngubætur sem fram koma í tillögunni séu framkvæmdar og komnar í gagnið áður en skólastarfið hefst, haustið 2020.
- Skólaráð Vættaskóla vill að fjármagn sé tryggt til þess að byggja upp öflugan skóla með þeim tölubúnaði og tækjum sem fjórða iðnbyltingin kallar á.
- Skólaráð Vættaskóla vill að fjármagn sé tryggt svo öflug stoðþjónusta sé í öllum skólunum og að Valver líkt og starfrækt er í Vættaskóla verði í nýjum unglingskólum.
- Skólaráð Vættaskóla vill að búnaður og húsgögn hæfi aldri nemenda í öllum skólunum.
- Skólaráð Vættaskóla óskar eftir því að starfsöryggi starfsfólks sé tryggt innan Grafarvogs
- Skólaráð Vættaskóla telur mikilvægt að frístundastarfið fái rými í skólunum.

Annað sem kom fram á fundinum

Fulltrúar nemenda telja að Engjaskóli henti betur sem unglingskóli heldur enn Vík. Annar fulltrúi foreldra telur að fjórir skólar með 1. – 10. bekk sé betri kostur heldur en það sem kemur fram í tillögunni.

Fyrir hönd skólaráðs Vættaskóla


Þuríður Óttarsdóttir
skólastjóri Vættaskóla